

# AÐALFUNDUR

Félag tanntækna og aðstoðarfólks tannlækna

Miðvikudaginn 22. apríl 2024 kl. 18:30

Grand Hótel Reykjavík

Dagskrá:

- Fundarsetning.** Fundur settur kl. 18:36 af Söndru formanni sem leggur til að Kristbjörg skrifstofustjóri verði fundarstjóri fundarins. Fundurinn er samþykur því. Kristbjörg býður allar velkomnar og matur er borinn fram. Í boði er langa með kartöflum og meðlæti. Í dessert er kaka og kaffi.
- Fundargerð síðasta aðalfundar.** Við það að allar séu búnar að borða lætur Kristbjörg vita af því að fundargerð síðasta aðalfundar liggur á heimasíðu félagsins og hvort að fundurinn sé ekki samþykktur því að hún sé ekki lesin upp. Fundurinn samþykkir.
- Skýrsla formanns** fyrir árið 2023 flutt af Söndru formanni.
- Reikningar félagsins f. 2023 lagðir fram** og voru samþykktir af fundinum. Félagsmaður spyr um liðinn „Rekstur skrifstofu“ þar sem annar kostnaður er milljón meira árið 2023 en 2022. Það stafar af tvennu, að skráning á einstökum liðum sé öðruvísi nú en áður ásamt auknum kostnaði v/ samningafunda.
- Umræður um skýrslu formanns og reikninga.** Engar spurningar bárust varðandi skýrslu formanns né reikningar þess. Fundurinn samþykkir reikninga félagsins.
- Lagabreytingar.** Sandra leggur fram tillögu um breytingu á 11. grein í lögum félagsins varðandi setu formanns FTAT. Núverandi lög segja að formaður megi sitja 3 kjörtímabil, samtals í 6 ár. Sandra leggur til að formaður megi sitja 5 kjörtímabil, samtals í 10 ár. Hún hefur sjálf nú setið í 5 ár og upplifir að hún eigi eftir að koma ýmsu í verk til viðbótar. Þar fyrir utan var Inger Steinsen ítrekað veit undanþágu til að sitja áfram og endaði á að sitja í 11 ár. Fundurinn samþykkir breytinguna með meirihluta kosningu.
- Kosning tveggja stjórnarmanna og eins varamanns.** Margrét Lukka og Bára Berg eru búnar með sitt tímabil. Bára býður sig ekki fram til áframhaldandi setu. Helga Björk Gísladóttir býður sig fram. Hún er tanntæknir og vinnur í Hamraborginni. Hún forfallaðist á fundinn þar sem hún var með veikt barn en bjó til stutt kynningarmyndband um sjálfan sig sem er sýnt fundinum. Magga Lena býður sig fram til áframhaldandi setu sem varamaður. Fyrir er Alexandra Kristjánsdóttir varamaður einnig.

Stjórn skipar:

Sigurbjörg Sandra Súsönnudóttir Forberg, Auður Sandra Grétarsdóttir, Margrét Lukka Brynjarsdóttir, Helga Björk Gísladóttir, Alma Dögg Árnadóttir. Varamenn: Magga Lena Kristinsdóttir og Alexandra Kristjánsdóttir.

**8. Ákvörðun um félagsgjald.** Félagsgjöld eru 1% af heildarlaunum og fundurinn samþykkir að hafa það áfram.

**9. Þóknun stjórnarkvenna.** Laun stjórnarkvenna voru hækkuð í fyrra í 25.000 per fund / 30.000 fyrir ritara. Fundurinn er samþykkur að halda því óbreyttu.

**10. Kosning í trúnaðarmannaráð og kosning skoðunarmanna.** Gígja Tryggvadóttir býður sig ekki fram til áframhaldandi setu. Kristbjörg útskýrir tilgang trúnaðarráðs, að það sé stuðningur við stjórn og félagsmenn. Ragnhildur Benediktsdóttir býður sig fram. Aðrar í trúnaðarráði eru Jóhanna Edith Edwinsdóttir og Hrefna Kristín Þorbjörnsdóttir. Skoðunarmenn eru Arnbjörg Finnbogadóttir, Sólveig Sigurðardóttir og Lilja Tómasdóttir. Þær gefa allar kost á sér til áframhaldandi setu.

### **11. Önnur mál.**

Spurt út í sal út í kjaraviðræður og hvort það miðist ekkert áfram. Formaður útskýrir að þær viðræður ganga en ganga hægt. Þetta sé oft 2 skref fram og oft 2 til baka. Sandra kallar einnig eftir hvað félagsmenn vilji sjá að tekið sé fyrir í kjarasamningsviðræðum. Þá er svarað að breyta þurfi vinnutímann í eina tölu. Einn félagsmaður segir að það vanti skýrar línur, skýrari framsetningu á vinnutíma. Sandra minnir á að hún og samninganefnd hafi ekki verið sérstaklega hlynnt þessari tvískiptingu (35.5/36.75) sem er copy/paste frá VR, en að engin önnur útfærsla af vinnutímastyttingu hafi boðist í fyrra. Einnig minnir hún á að það er ekkert sem bannar félagsmönnum að vinna fleiri stundir en þessar 35.5/36.75 en þá er það að sjálfsögðu í yfirvinnu eða þá að gera sérstakan samning um vinnutíma og laun sem teljast sanngjörnt og skjalfesta í ráðningasamningi.

Annar félagsmaður talar um að gera könnun um hvernig þessu er framfylgt, heyrir að þetta sé ansi glopött á mörgum stöðum. Annar áréttar að það þurfi að vera ein fast tala til einföldunnar. Þriðji félagsmaður tekur fram að það tók langan tíma að innleiða vinnutímastyttingu sem gerðist í fyrra. Sandra spyr salinn hverjar eru að vinna eftir 35.5, þrjár svara því játandi en ca 20 starfa samkvæmt 36.75. Þá spyr Sandra en þið hinar, hvað eru þið að vinna eftir? Nokkrar út í sal svara að þær fá bara yfirvinnu. Sandra spyr þá eftir hvaða tíma fáði yfirvinnu? Umræður á borðum í kjölfarið. Enn annar félagsmaður spyr hvenær byrjar yfirvinnan? Sandra útskýrir að um leið og þú vinnur fleiri tíma en umsömdu tíma á viku þá ertu komin á yfirvinnu. Hún leggur áherslu á ráðningasamninginn og að vinnutíminn komi skýrt fram þar.

Spurt er hvað FTAT er aðallega að leggja áherslu á í samningaviðræðum og Sandra segir frá því að aðallega sé verið að reyna að fá eina tölu sem vinnutíma. Eins að það fari mikill tími í að mótmæla það sem TFÍ er að reyna að fara fram á, sem er t.d. stytting á uppsagnarfresti og styttingu á veikindarétti. Eins er verið að vinna í því að laga orðaval. Því er kastað fram hvort FTAT fari ekki í verkfall? Sandra útskýrir að það gæti orðið erfitt á eins litlum og persónulegum vinnustað sem tannlæknastofa er. Það er engin verkfallssjóður hjá FTAT. Félagsmáður bendir á það þurfi almennt einfaldari útskýringar í kjarasamningnum t.d. með að félagsmenn öðlist réttindi aftur eftir 1.5 ár hjá nýjum vinnuveitanda.

Félagsmaður spyr út í vinnu okkar tanntækna, hvar liggja mörkin um hvað tanntæknar mega og mega ekki gera t.d. í Invisalign - skanna, taka gögn, líma hnappa, pússa hnappa af? Sandra svarar því að ákveðnir hlutir mega tanntæknar ekki gera t.d. deyfa og bora .. en allt annað er þá á ábyrgð tannlæknisins. Spurning hvort Landlæknir gæti svarað því en já, formaður er almennt sammála því að þetta þarf að vera skýrara í lögum og að hún viti til að eitthvað hafi TFÍ verið að vinna í þeim málum s.s. að fá skýrari ramma í kringum störf tanntækna. Einnig bendir hún á að aðstoðarmenn eru ekki heilbrigðisstarfsfólk en samt sem áður sitja þau t.d. við stól og jafnvel ein við stól. Reglur í USA eru t.d. mun strangari og þetta þurfti að vera skýrari í lögum um tanntækna hér á landi.

Félagsmaður leggur til að skyndihjálparnámskeið á t.d. X ára fresti ætti að vera í kjarasamningum til að tryggja að allir sem starfa á tannlæknastofu séu „up to date“ með þá þekkingu. Vel var tekið í þá ábendingu og spurning með að hafa það á þinginu eða janúarþingi.

Fleiri mál lágu ekki fyrir, fundi slitið og Björgvini Franz var boðið velkominn með sitt erindi.

Fyrirlestur:

Björgvin Franz Gíslason, leikar fræðir okkur um hvernig finna mega jafnvægi milli vinnu og einkalífs.